

náms-örk

Menntamálastofnun býður til **námsefnissýningar og örkyninga** (náms-örk) í tengslum við útgáfudag haustið 2018, miðvikudaginn 14. nóvember kl. 14:30-16:30 í Smáraskóla – Dalsmára 1, 201 Kópavogi.

Dagskrá

14:30-16:30 Námsefnissýning í sal og kaffiveitingar

Hægt er að kíkja í nýtt og eldra námsefni, ræða við ritstjóra og annað starfsfólk Menntamálastofnunar

- **14:45-15:15 Örkyningar – rennsli 1**
Kynnt verður nýtt námsefni, uppbygging þess og möguleikar í kennslu
- **15:45-16:15 Örkyningar – rennsli 2**
Sama kynning og áðan, þú getur farið aftur ;) eða skellt þér á aðra

Örkyningar



Stories | Enska unglingsstig

Umsjón: Arna Guðríður ritstjóri í ensku (gurry@mms.is)

Námsefnið *Stories* eru frumsamdir lestrartextar í ensku sem líklegir eru til að höfða til áhugasviðs unglinga. Um er að ræða fjögur þemu: exciting adventures, choices and dilemmas, good work og be the change. Efnið býður upp á líflegar umræður og skoðanaskipti.

Á kynningunni mun annar af höfundum efnisins, Kristen Mary Swenson, fjalla um hugmyndafræðina á bak við efnið og hvernig það nýtist í kennslu.

Ja tak | Danska unglingsstig

Umsjón: Harpa ritstjóri í dönsku (harpa@mms.is)

Námsefnið *Tak* inniheldur fjölmarga möguleika til dönskukennslu en því er ætlað að þjálf helstu færniþætti dönskunáms. Í efninu eru fjölbreyttir textar sem líklegt er að höfði til áhugasviðs nemenda.

Á kynningunni mun annar af höfundum efnisins, Erna Jessen, fara yfir markmið og uppbyggingu þess og hvaða möguleika það býður upp á í kennslu.

Sestu og lestu – Milli himins og jarðar | Íslenska yngsta stig

Umsjón: Elín Lilja ritstjóri í íslensku (elinlilja@mms.is)

Hrafninn er ný bók í lestrarflokknunum *Milli himins og jarðar*. Á kynningunni verður fjallað um uppbyggingu bókarinnar og bent á leiðir til að þjálf og auka við orðaforða nemenda út frá efninu. Einnig verða kynnt ný lesskilningsverkefni við lestrarbækur í bókaflokknum *Sestu og lestu*. Verkefnin eru til útprintunar á vef og þar reynir m.a. á ályktunarhæfni og skilning, munnlega tjáningu, ritun og málfræði.

Smellur | Íslenska miðstig

Umsjón: Sigríður ritstjóri í íslensku (sigridur.wohler@mms.is)

Fyrsti Smellur og *Annar Smellur* eru fyrstu tvær bækurnar af þremur í nýju námsefni sem þjálf lesskilning. Bækurnar henta aðallega nemendum á miðstigi. Í bókunum er nemendum leiðbeint að lesa fjölbreytta texta af ýmsum gerðum og athygli beint að því að mismunandi textagerðir þarf að lesa á ólíka vegu.

Höfundar bókanna, Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir verða til skrafs og ráðagerða.

Stærðfræði og bókmenntir | Stærðfræði yngsta stig

Umsjón: Auður Bára ritstjóri í stærðfræði (audur.bara.olafsdottir@mms.is)

Kynntar verða fjórar lestrarbækur sem ætlaðar eru yngsta stigi. Í bókunum er fjallað um stærðfræðitengd viðfangsefni: *samlagningu*, *frádrátt*, *sætisgildi* og *rúmfræði/tvívíð form*. Hverri bók fylgja tvö verkefnahefti þar sem áhersla er á að verkefnin taki bæði á stærðfræði og íslensku.

Á kynningunni verða bækurnar kynntar, notkunarmöguleikar þeirra ræddir og gluggað í verkefnaheftin.

Fólk á flóttu og Ísland, hér búum við | Samfélagsfræði miðstig

Umsjón: Sigrún Sóley ritstjóri í samfélagsgreinum (sigrun@mms.is)

Komnar eru út tvær nýjar bækur í samfélagsgreinum. Önnur nefnist *Fólk á flóttu* og tilheyrir bókaflokknum *Sögugáttin*. Hún segir sögu af flóttu fjölskyldu frá Sýrlandi til Íslands. Hin er landafræðibókin *Ísland, hér búum við*.

Á kynningunni verður farið í uppbyggingu og markmið bókanna, fjallað um *Sögugáttina* og námsefni í samfélagsgreinum fyrir miðstig almennt